

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 16. mars 2026

Mál nr. E-253/2025:

Paulina Izabela Baca

(Kári Valtýsson lögmaður)

gegn

Hótel Akureyri ehf.

(Arnar Þór Jónsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 16. febrúar sl., var höfðað 11. apríl 2025 af Paulínu Izabelu Baca, kt. [...], [...], Reykjavík, á hendur Hótel Akureyri ehf., kt. [...], [...], Akureyri.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi greiði stefnanda 925.878 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 462.939 krónum frá 1. janúar 2024 til 31. janúar 2024 en af 925.878 krónum frá 1. febrúar 2023 til greiðsludags að frádreginni innborgun að fjárhæð 281.873 krónur 31. desember 2023.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi greiði skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð 500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 11. desember 2023 en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 7. júlí 2024 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndi greiði stefnanda 892.348 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 446.174 krónum frá 1. janúar 2024 til 31. janúar 2024 en af kr. 892.348 krónum frá 1. febrúar 2024 til greiðsludags að frádreginni innborgun að fjárhæð 281.873 krónur 31. desember 2023.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi greiði skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð 500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 11. desember 2023 en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 7. júlí 2024 til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess bæði í aðal- og varakröfu að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti á lögmannspóknun líkt og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda.

Jafnframt gerir stefndi kröfu um greiðslu alls málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Helstu málsatvik.

Stefnandi starfaði hjá stefnda við þrif og önnur verkefni frá 11. júní 2023 og fram í desember sama ár. Ráðningarsamningur stefnanda var tímabundinn og rann út í september 2023. Gögn málsins bera með sér að stefnandi hafi sent stefnda tölvubréf 9. desember 2023 og gert athugasemdir við að samningurinn hefði ekki verið endurnýjaður. Þá ræddi stefnandi jafnframt vinnustundir hennar og annars starfsmanns og tók fram að þær ættu rétt til fullra launa enda þótt vinnustundum hefði fækkað umtalsvert. Loks taldi stefnandi sig ekki hafa fengið greitt veikindaleyfi auk þess sem hún hefði orðið fyrir slysi við vinnu sína og krafðist hún þess að fá útlagðan sjúkrakostnað greiddan.

Daníel Smárason, framkvæmdastjóri stefnda, svaraði með tölvubréfi degi síðar. Þar kemur fram að eftir að ráðningarsamningur stefnanda og annars starfsmanns stefnda hafi runnið út hafi þeim verið gert ljóst að hvorugri yrði boðin full staða veturinn 2023-2024. Réttur þeirra til fullra launa hafi miðast við samningstímamann en að honum loknum geti þær ekki átt tilkall til launa fyrir fullt starf. Í bréfinu er að finna umfjöllun um húsnaði sem starfsmennirnir tveir munu hafa leigt af stefnda. Þar hafi fundist poki með ólöglegum lyfjum og hafi lögreglu verið gert viðvart. Þar fyrir utan hafi báðir starfsmenn ítrekað mætt seint til vinnu. Stefndi mæli með því að þær leiti aðstoðar Einingar-Iðju þar sem þær séu báðar meðlimir stéttarfélagins.

Með bréfi 11. desember 2023 var stefnanda sagt upp störfum hjá stefnda. Í uppsagnarbréfinu kemur fram að ákvörðunin hafi verið tekin í ljósi alvarlegs misferlis af hálfu stefnanda (e. serious misconduct and misappropriation) á ráðningartímanum og taki uppsögnin þegar gildi. Texti uppsagnarbréfsins var jafnframt sendur stefnanda með tölvubréfi 12. desember 2023. Stefnandi svaraði með tölvubréfi sama dag þar sem komið var á framfæri þeim skilningi að hún ætti rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti. Óskað var eftir upplýsingum um það hvort stefndi ætlaðist til þess að hún innti af hendi vinnuframlag á því tímabili. Þá var óskað eftir viðtali til að ræða ástæður uppsagnar og því komið á framfæri að lög gerðu ráð fyrir því að slíkt viðtal færi fram innan fjögurra

daga frá beiðni þar að lútandi. Framkvæmdastjóri stefnda svaraði með tölvubréfi sama dag en þar segir að stefnanda sé sagt upp störfum af nokkrum ástæðum en sú alvarlegasta sé þjófnaður. Í því ljósi geti stefndi ekki heimilað stefnanda að vinna á uppsagnarfresti. Loks muni fundarboð vegna viðtals berast degi síðar.

Með bréfi 7. júní 2024 fór lögmaður stefnanda fram á greiðslu vangoldinna launa í uppsagnarfresti, miskabóta og útlagðs lögmannskostnaðar. Ekki verður séð að bréfinu hafi verið svarað og höfðaði stefnandi mál þetta sem fyrr segir 11. apríl 2025.

Við aðalmeðferð málsins gáfu stefnandi og Daníel Smáráson, framkvæmdastjóri stefnda, aðilaskýrslu. Þá voru teknar skýrslur af vitnunum Þuríði Þórðardóttur, hótelstjóra hjá stefnda, Sveindísi Maríu Sveinsdóttur, skrifstofustjóra hjá stefnda, Rut Pétursdóttur, þjónustufulltrúa hjá Einingu-Iðju og Sigurði Arnóri Hreiðarssyni, heildsala.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi vísar til kjarasamnings milli Starfsgreinasambands Íslands og Eflingar og Samtaka atvinnulífsins vegna veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðasölustaða, afþreyingarfyrirtækja og hliðstæðrar starfsemi. Samkvæmt grein 13.1 sé uppsagnarfrestur starfsmanns sem unnið hefur lengur en þrjú mánuði hjá vinnuveitanda einn mánuður og miðist uppsögn við mánaðamót, sbr. einnig 1. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests. Þar sem stefnanda hafi verið sagt upp með uppsagnarbreyfi 11. desember 2023 hafi uppsögnin tekið gildi 1. janúar 2024. Hafi því borið að greiða stefnanda laun út desember 2023 og janúar 2024. Stefnandi bendir á að samkvæmt vaktaskipulagi hafi hún átt að starfa á átta tíma vöktum dagana 1., 2., 4., 5., 9., 10., 11., 12., 15., 18., 20., 21., 27. og 30. desember 2023 eða í 112 klukkustundir alls. Stefnanda hafi hins vegar ekki verið greitt laun eftir 11. desember og heldur ekki í uppsagnarfresti og því sé um að ræða brot gegn téðum ákvæðum kjarasamnings og laga. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sé óheimilt að skerða rétt starfsmanna svo nemi rýrnun á kjarasamningsbundnum réttindum þeirra. Þá feli sú háttsemi að greiða ekki laun í samræmi við kjarasamningsbundinn lágmarksrétt í sér brot gegn 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Stefnandi telur að um ólögmetu uppsögn hafi verið að ræða þar sem henni hafi ekki verið veitt áminning áður. Í dómaframkvæmd hafi verið litið svo á að hafi ekki verið um sannanlega aðvörun að ræða í aðdraganda fyrirvaralausrar uppsagnar sé slík uppsögn ólögmet. Stefnandi bendir á að hún hafi leitað eftir viðtali um starfslok sín í samræmi

við grein 13.2.2 í kjarasamningi og ítrekað beiðnina þegar ekki hafi verið brugðist við henni. Í gildandi kjarasamningi komi fram að brot gegn kafla 13.2 geti varðað skaðabótum samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins.

Hvað kröfu um miskabætur varðar kemur fram í stefnu að stefndi hafi brugðist við beiðni stefnanda um útskýringar á launagreiðslum og öðrum þáttum í starfssambandinu með tölvubréfi 10. desember 2023. Í bréfinu hafi verið bornar á stefnanda sakir varðandi vangreidda leigu, vörslu eiturlyfja og þjófnað auk þess sem henni hafi verið sent formlegt uppsagnarbréf. ASÍ og SA hafi gert með sér samkomulag 17. febrúar 2008 um fyrirkomulag uppsagna á vinnumarkaði. Aðilar hafi verið sammála um að stuðla að góðri framkvæmd uppsagna með því að tileinka sér góðar venjur og reyna að lágmarka neikvæð áhrif uppsagnar á hlutaðeigandi starfsmenn. Hafi gjarnan verið rætt um þetta sem trúnaðar- og tillitsskyldu í ráðningarsambandi. Með því sé átt við það að þótt vinnuveitendum á almennum vinnumarkaði sé almennt frjálst að segja upp ráðningarsamningi í samræmi við umsaminn uppsagnarfrest, án þess að veita starfsmanni tækifæri á að bæta ráð sitt, þá geti framganga vinnuveitanda gagnvart starfsmanni þó verið með þeim hætti að hún feli í sér ólögmdæta meingerð gegn æru eða persónu hans. Það geti bakað vinnuveitanda bótaskyldu samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnandi telur háttsemi stefnda fela í sér brot gegn trúnaðar- og tillitsskyldu enda hafi framkvæmd uppsagnar verið afar meiðandi og falið í sér alvarlegar ásakanir á hendur henni án nokkurra sannana. Ásakanirnar hafi verið til þess fallnar að særa æru hennar og persónu og er miskabótakrafan byggð á b-lið 26. gr. skaðabótalaga.

Í stefnu eru dómkröfur stefnanda skýrðar nánar og tekið fram að dagvinnutaxti stefnanda hafi verið 2.600 krónur. Stefnandi hafi unnið vaktavinnu og tekjur hennar misháar eftir mánuðum. Heildarlaun fyrir desembermánuð hefðu átt að vera 291.200 krónur vegna dagvinnu en greiddar hafi verið 215.800 krónur. Muni því 75.400 krónum á dagvinnutaxta. Greitt orlof fyrir desember 2023 hafi numið 22.671 krónum, desemberuppbót 31.347 krónum og orlofsuppbót 4.932 krónum. Orlof af 291.200 krónum sé 29.615 krónur en greidd hafi verið 22.671 króna. Mismunur nemi því 6.944 krónum.

Um desemberuppbót kemur fram í stefnu að samkvæmt launaseðli hafi hún verið 31.347 krónur. Samkvæmt gildandi kjarasamningi hafi full desemberuppbót verið 103.000 krónur á árinu 2023 en fullt ársstarf teljist í því sambandi 45 unnar vikur eða 1.800 vinnustundir eða meira fyrir utan orlof. Stefnandi hafi starfað hjá stefnda frá 11.

júní 2023 til 11. desember 2023 eða í fulla sex mánuði og heildin að meðtaldri yfirvinnu og næturvinnu 1.159,7 klukkustundir eða 64,4% af 1.800 vinnustundum. Hefði desemberuppbót því átt að nema 66.360 krónum og mismunurinn því 35.013 krónur. Krafa stefnanda vegna vangreiddra launa í desember 2023 sundurliðist því með eftirfarandi hætti:

Vangoldin dagvinna	75.400 kr.
Vangoldið orlof	6.944 kr.
Vangoldin desemberuppbót	35.013 kr.
Samtals:	117.357 kr.

Í stefnu kemur fram að stefnandi byggi kröfu um vangoldin laun í desember 2023 og í uppsagnarfresti í janúar 2024 á meðallaunum frá júní 2023 til desember 2023. Útreikningur meðaltekna miði við að full laun í desember 2023 séu 462.939 krónur (281.873+117.357 kr.) og heildartekjur fyrir tímabilið júní 2023 til janúar 2024 samtals 3.240.573 krónur. Þeirri fjárhæð sé svo deilt í sjö mánuði sem geri 462.939 krónur í meðallaun á mánuði. Aðalkrafa stefnanda sundurliðist því með eftirfarandi hætti:

Laun í desember 2023	462.939 kr.
Laun í janúar 2024	462.939 kr.
Samtals:	925.878 kr.
Greitt í desember 2024	(281.873 kr.)
Krafa í heild:	633.005 kr.

Varakrafa stefnanda taki mið af meðaltekjum án leiðréttingar á orlofi, desemberuppbót og dagvinnu í desember 2023. Meðaltekjur séu þá reiknaðar út frá launaseðlum án þess að bæta 117.357 krónum við launin í desember:

Laun í desember 2023	446.174 kr.
Laun í janúar 2024	446.174 kr.
Samtals:	892.348 kr.
Greitt í desember 2023	(281.873 kr.)
Krafa í heild:	610.475 kr.

Í stefnu kemur fram að við mat á fjárhæð miskabóta sé litið til dómaframkvæmdar í sambærilegum málum. Teljist 500.000 krónur síst of há fjárhæð ef litið sé til framferðis stefnda. Varðandi dráttarvexti er vísað til þess að gjalddagi launagreiðslu sé 1. hvers mánaðar og sé krafist vaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr., laga nr. 38/2001 frá 1. janúar 2024 og 1. febrúar 2024 en að frádreginni innborgun að fjárhæð 281.873 krónur 31. desember 2023. Kröfu um vexti á miskabótakröfu byggir stefnandi á 8. gr., sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Sé því krafist vaxta frá þeim degi sem stefnanda var sagt upp störfum, þ.e. frá 11. desember 2023 til 7. júlí 2024 er mánuður var liðinn frá kröfubréfi 7. júní 2024. Krafist sé dráttarvaxta frá 7. júlí 2024 til greiðsludags, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Krafa um málskostnað byggi á 129. gr., sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun á ákvæðum laga nr. 50/1988.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda.

Í greinargerð stefnda kemur fram að öllum kröfum og málsástæðum stefnanda sé mótmælt. Stefnda hafi ekki reynst unnt að hafa stefnanda í vinnu hjá hótelinu þar sem athafnir hennar hafi valdið trúnaðarbresti sem komið hafi í veg fyrir að unnt væri að halda ráðningarsambandinu áfram. Nánar tiltekið hafi stefnanda verið sagt upp störfum vegna þess að hún hafi verið staðin að því að taka ófrjálsri hendi muni sem öðrum tilheyrðu. Af augljósum ástæðum hafi stefnandi orðið að segja henni upp störfum þegar þetta hafi verið staðreynt.

Stefndi bendir á það að stefnandi hafi leitað aðstoðar hjá stéttarfélaginu Einingu – Iðju á Akureyri, m.a. að hvatningu stefnda. Eftir að fulltrúar félagsins hafi kynnt sér málið og framgöngu stefnanda hafi félagið ákveðið að hafa engin afskipti af málum stefnanda. Framgangan hafi einkennst af misvísandi svörum og ósannsögli auk þess sem hún hafi átt það til að fara með staðlausa stafi, sbr. það hvernig hún hafi sagst hafa meitt sig á tónlistarhátíðinni Airwaves en síðar reynt að kenna vinnuslysi um. Þar sem reynslan af störfum stefnanda hafi ekki verið góð, m.a. vegna óstundvísí hennar og fjölda árangurslausa áminninga, hafi verið ákveðið að segja henni upp störfum. Í samræmi við almenna venju hafi henni verið boðið að vinna út uppsagnarfrestinn en stefnandi hafi viljað komast hjá því. Hafi stefnandi sýnt þann vilja í verki með því að mæta önu til vinnu, neita að fara í einkennisföt stefnanda og hafi auk þess verið ókurteis við gesti

hótelsins. Þegar fyrirsvarsmenn stefnda hafi viljað ræða þessa framgöngu stefnanda hafi hún brugðist illa við og viljað fá greitt fyrir þrjá síðustu mánuðina án viðveru á vinnustað.

Stefndi kveður að undir öllum venjulegum kringumstæðum sé farið fram á það að starfsfólk stefnda starfi út uppsagnarfrest. Í tilviki stefnanda hafi það ekki reynst mögulegt þar sem hún hafi gerst sek um trúnaðarbrot. Nánar tiltekið hafi stefnandi verið staðin að því að taka vínflösku sem heildsali hafi skilið eftir sem kynningarvöru til nota á hótelnarum. Stefnanda hafi verið boðið að skila flöskunni en hún hafi ekkert þóst kannast við málið. Þegar þetta hafi verið staðreynt hafi fyrirsvarsmönnum stefnda endanlega orðið ljóst að stefnanda hafi ekki verið treystandi til að vera áfram í vinnu á uppsagnarfresti undir merkjum stefnda.

Í greinargerðinni kemur fram að í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem upp hafi verið komin og vangreiddrar leigu af íbúð stefnda, sem stefnandi hafi haft afnot af, hafi framkvæmdastjóri stefnda viljað ná tali af henni. Eftir árangurslausa leit að stefnanda hafi hann farið heim til hennar til að reyna að ná sambandi við hana og samstarfskonu hennar sem ekki hafi mætt til vinnu. Inni í íbúðinni hafi áður nefnd vínflaska verið sjáanleg auk annarra muna sem horfið hafi af hótelinu en þar að auki hafi verið ummerki um reykingar og fíkniefnaneyslu. Af hálfu stefnda hafi lögreglu verið tilkynnt um þau ólöglegu efni sem þar hafi fundist. Eftir að stefnanda hafi verið vikið úr starfi hafi hún gert sér far um að skaða hagsmuni stefnda með því að rita neikvæðar umsagnir á netið líkt og hún hefði verið gestur á hótelinu. Nafn hennar hafi verið sjáanlegt.

Varnir stefnda byggja á því að stefnandi hafi brugðist skyldum sínum sem starfsmaður stefnda og gerst sek um framgöngu sem telja megi brot á trúnaðarskyldum. Uppsögnin hafi því verið réttmæt og að henni staðið á lögmætan hátt. Almenn sjónarmið vinnuréttar eigi ekki við í tilviki stefnanda vegna þess hvernig hún hafi sjálf gengið fram gagnvart stefnda. Hún hafi brotið gegn starfsskyldum sínum og rofið trúnað gagnvart stefnda sem vinnuveitanda og raunar einnig gagnvart gestum hótelsins. Sérstaða málsins endurspeglar í því að Eining – Iðja, sem almennt standi þétt að baki félagsmönnum sínum, hafi kosið að veita stefnanda ekki stuðning gagnvart stefnda.

Uppsögn stefnanda hafi verið ákveðin af ærnu tilefni. Hún hafi verið rekin úr starfi fyrir þjófnað, vörslu fíkniefna og vanefnd á samningsskyldum sínum. Þótt uppsögnin hefði mátt fara fram án fyrirvara hafi stefnandi engu að síður fengið fjölda áminninga á fyrri stigum, sbr. tölvubréf til hennar 10. desember 2023. Auk þess hafi

stefnandi fengið viðtal við fyrirvarsmann stefnda og því ranglega staðhæft í stefnu að stefndi hafi ekki brugðist við beiðni stefnanda þar að lútandi.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi framið trúnaðarbrot í starfi með því að fjarlægja muni úr húsakynnum hótelsins sem hún hafi ekkert tilkall átt til. Auðsjáanlega sé slíkt athæfi alvarlegt alls staðar í samfélaginu en sérstaklega þó þegar það sé framkvæmt af fólki sem starfar í sérmerktum fatnaði atvinnurekanda sem byggi starfsemi sína á því að gestir geti treyst á heiðarleika og skilvísi. Trúnaðarbresturinn sem hér um ræði sé því augljóslega alvarlegur út frá almennum lögum. Enn alvarlegri sé hann í ljósi þess að stefndi hafi kynnt stefnanda háttsemisreglur um klæðnað, kurteisi, snyrtimennsku og framkomu að öðru leyti.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um greiðslu „óuppgerðra launa“. Krafan eigi ekki að ná fram að ganga þar sem stefnandi hafi ekki efnt sinn hluta vinnusamningsins, þ.e. um vinnuframlag á uppsagnarfresti. Þá er miskabótakröfu stefnanda alfarið hafnað þar sem hún sé á engum viðhlítandi rökum reist. Lögmæt uppsögn feli ekki í sér meingerð gegn þeim sem sagt er upp störfum, sérstaklega ekki eins og hér hátti til þar sem stefnandi hafi brotið alvarlega gegn starfsskyldum sínum. Fullt tilefni hafi verið til uppsagnarinnar.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um kröfu stefnanda til greiðslu launa úr hendi stefnda auk miskabóta vegna þess hvernig staðið var að uppsögn ráðningarsambandsins. Eins og málið hefur verið lagt fyrir dóminn snýr ágreiningur aðila fyrst og fremst að því hvort háttsemi stefnanda í starfinu hafi réttlætt fyrirvaralausá uppsögn af hálfu stefnda. Einkum hefur stefndi vísað til þess að stefnandi hafi gerst sek um að taka ófrjálsri hendi muni sem öðrum tilheyrðu, nánar tiltekið vínflösku sem skilin hafi verið eftir í herbergi sem stefnanda hafi verið falið að þrifa. Hvílir sönnunarbyrðin á stefnda hvað þessar staðhæfingar varðar sem og um önnur ætluð brot stefnanda á skuldbindingum hennar í ráðningarsambandinu.

Við upphaf aðalmeðferðar lagði stefndi fram gögn sem sýna að gestur á hótelinu hafi skilið eftir vínflösku á herbergi sínu sem ætluð hafi verið fyrirvarsmanni stefnda. Alkunna er að starfsemi hótela og gististaða hefur í för með sér að gestir skilji eftir mat- og drykkjarvörur í herbergi sínu við lok dvalarinnar. Það er í verkahring starfsfólks sem starfar við þrif, líkt og starf stefnanda hjá stefnda fól í sér, að fjarlægja slíkar vörur af herbergjum gesta. Annað og meira þarf því að koma til svo að slík háttsemi verði talin

fela í sér þjófnað eða brot á starfsskyldum. Eins og hér háttar til hafa engin gögn verið lögð fram til stuðnings fullyrðingum stefnda um það að stefnanda hafi verið gert ljóst að flaskan tilheyrði öðrum, að skorað hafi verið á stefnanda að afhenda flöskuna eða að fyrirsvarsmaður stefnda hafi leitað til lögreglu vegna málsins. Þannig er að mati dómsins ljóst að jafnvel þótt fallist yrði á það með stefnda að stefnandi hafi fjarlæggt flöskuna af herberginu umrætt sinn yrði engu slegið föstu um það á grundvelli fyrirbyggjandi gagna hvort sú háttsemi yrði lögð að jöfnu við þjófnað. Sama gildir um önnur ætluð brot stefnanda á starfsskyldum sínum hjá stefnda, til að mynda varðandi óstundvísi, ósannsögli eða fíkniefnaneyslu. Engra gagna nýtur við sem staðfest geta þessi atriði að frátöldum skýrslum fyrirsvarsmanns og starfsfólks stefnda fyrir dómi sem hafa takmarkað sönnunargildi með hliðsjón af síðari málslið 59. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt framangreindu verður fallist á það með stefnanda að uppsögn á ráðningarsambandi aðila, sem barst til vitundar stefnanda með bréfi 11. desember 2023, hafi fyrst getað tekið gildi næstu mánaðamót þar á eftir, sbr. grein 13.1 í kjarasamningi þeim sem gildi um störf stefnanda hjá stefnda. Þá bar stefnanda réttur til eins mánaðar uppsagnarfrests. Hefur stefndi að álitni dómsins ekki sýnt fram á að stefnandi hafi ekki verið reiðubúin til þess að inna af hendi vinnuframlag á uppsagnarfresti og hefur raunar komið fram af hálfu stefnda að það hafi ekki staðið stefnanda til boða.

Stefndi hefur ekki gert athugasemdir við útreikning kröfu stefnanda um greiðslu launa fyrir desember 2023 eða á uppsagnarfresti í janúar 2024 enda þótt hann hafi með almennum hætti mótmælt forsendum og málsástæðum stefnanda að baki kröfunni. Stefndi hefur þannig hvorki lagt fram gögn né útreikninga um það hver laun stefnanda hefðu átt að vera á tímabilinu. Verður aðalkrafa stefnanda um greiðslu launa því tekin til greina með dráttarvöxtum líkt og í dómsorði greinir. Það athugast þó að í kröfugerð stefnanda er fyrst krafist dráttarvaxta frá 1. janúar 2024 en síðan frá 1. febrúar 2023 og til greiðsludags. Við ákvörðun dráttarvaxta verður síðarnefnda tímamarkið miðað við 1. febrúar 2024, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Samkvæmt framangreindu byggðist ákvörðun stefnda um fyrirvaralausar uppsögn á ásökunum um þjófnað og trúnaðarbrest af hálfu stefnanda sem dómurinn hefur komist að niðurstöðu um að séu ósannaðar. Af hálfu stefnda hefur komið fram að hann hafi tilkynnt stefnanda til lögreglu vegna þjófnaðarbrotts og vörslu eiturlyfja en þó virðist stefndi ekki hafa fylgt þeirri tilkynningu eftir. Voru ásakanirnar meiðandi fyrir stefnanda og vógu að persónu hennar og æru og eru skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga

nr. 50/1993 þannig uppfyllt til greiðslu miskabóta. Með vísan til framangreinds, atvika málsins og dómaframkvæmdar þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 500.000 krónur, líkt og kröfugerð stefnanda miðar við, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 11. desember 2023 en með dráttarvöxtum frá því að mánuður var liðinn frá því að stefnandi krafðist greiðslu með bréfi lögmanns 7. júní 2024, sbr. 9. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða málskostnað, eins og í dómsorði greinir, sem rennur í ríkissjóð. Stefnandi nýtur gjafsóknar samkvæmt gjafsóknarleyfi 27. janúar 2025. Allur gjafsóknarkostnaður hennar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar sem þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af umfangi málsins og tímaskýrslu lögmannsins svo sem í dómsorði greinir. Þóknunin ákvarðast án virðisaukaskatts í samræmi við dómvenju.

Mál þetta flutti fyrir stefnanda Kári Valtýsson lögmaður en Arnar Þór Jónsson lögmaður fyrir stefnda.

Oddur Þorri Viðarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómara var falið málið til afgreiðslu með bréfi dómstólasýslunnar 30. september 2025 en hann hafði fram til þess tíma engin afskipti af meðferð þess.

Dómsorð:

Stefndi, Hótel Akureyri ehf., greiði stefnanda, Paulinu Izabelu Baca, 925.878 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 462.939 krónum frá 1. janúar 2024 til 31. janúar 2024 og af 925.878 krónum frá 1. febrúar 2024 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun að fjárhæð 281.873 krónur þann 31. desember 2023.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 11. desember 2023 til 7. júlí 2024 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði 1.050.000 krónur í málskostnað sem rennur í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Kára Valtýssonar, 1.050.000 krónur.

Oddur Þorri Viðarsson